

**35. stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands,
haldinn 12. desember 1995, á Hótel Selfossi, kl. 10.30.**

Mættir: Karl Björnsson, Guðmundur Hermannsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson og Þorvarður Hjaltason.

Formaður setti fund.

1. Formaður lagði fram drög að markmiðum og stefnu Sorpstöðvar Suðurlands sbr. samþykkt síðasta stjórnarfundar.

Formanni og framkvæmdastjóra falið að ganga frá endanlegri tillögu í samræmi við ábendingar sem fram komu. Tillagan fylgi með fundargerð sem sendist til aðildarsveitarfélaganna og síðan verði haldinn almennur kynningarfundur.

Með vísan til leiðar að markmiði e. tók formaður fram að hann teldi mikilvægt að viðskipti við fyrirtæki utan Suðurlands verði að magni til 20 fjörtíu rúmmetra gámar á viku sem skili 11 milljóna króna tekjum á ári og skapi um 7.8 milljóna króna hagnað skv. fyrirbyggjandi drögum að fjárhagsáætlun. Ef ekki verður af þessum viðskiptum benda líkur til að hækka þurfi gjaldskrá á fyrirtæki og sveitarfélög á Suðurlandi um rúmlega 30% á árinu 1996.

Formaður og framkvæmdastjóri óska eftir fundi með hreppsnefnd Ölfushrepps til að ræða fyrirbyggjandi gögn í málinu.

2. Lagður fram verksamningur við Ræktunarsamband Flóa og Skeiða um urðunarrein nr. 3, að upphæð kr. 5.336.800.-

Samningurinn staðfestur.

Fundi slitið kl. 12.20.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson.

Karl Björnsson.

Guðmundur Hermannsson.

Þorvarður Hjaltason.